

9  
14. júní Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rétt að krefjast þess af næsta viðskiftafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skráningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenska höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskírteini. Þó getur skírteini viðskiftafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytis komi til.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Einar Arnason.*

10  
14. júní

## L Ö G

um

### **sérstakar dómþinghár í Reykhóla- og Geiradalshreppum í Barðastrandarsýslu.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Reykhólahreppur og Geiradalshreppur í Barðastrandarsýslu skulu vera sérsakar dómþinghár, og skulu þingstaðirnir vera að Berufirði og Króksfjarðarnesi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R**

(L. S.)

---

*Jónas Jónsson.*